

**Ed.**

**618. Frumvarp til laga**

**[164. mál]**

um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins:

1. að virkja Laxá fremri í Austur-Húnavatnssýslu til raforkuvinnslu í 1900 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Blönduóss og Skagastrandar;
2. að virkja Þverá úr Þiðriksvallavatni í Strandasýslu í allt að 1400 hestafla orkuveri og leggja aðalorkuveitu þaðan til Hólmavíkur;
3. að virkja vatnsfallið Þrándargil í Laxárdal í allt að 700 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Búðardals.

**2. gr.**

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 11 milljónum króna, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði samkv. 1. lið 35. gr. raforkulaganna allt að 3½ milljón króna, þó eigi meira en sem nemur ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

**3. gr.**

Um stofnun og rekstur orkuvera þeirra og orkuveitna, sem um ræðir í 1. og 2. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.